



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2024  
MSS24080077

## Samþykkt íbúaráðs Breiðholts um safnstæði fyrir rafskútur í hverfinu

Á fundi íbúaráðs Breiðholts var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga íbúaráðs Breiðholts, dags. 21. ágúst 2024, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins sama dag:

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að koma fyrir safnstæðum fyrir rafskútur innan hverfisins á heitum stöðum þar sem mikil notkun er eins og við skiptistöðina í Mjódd, Sundlaugina í Breiðholti, Fjölbraut í Breiðholti, íþróttamannvirki ÍR og Leiknis og verslunarkjarna eins og við Lóuhóla, Mjódd, Völvufell og Seljabraut.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Samþykkt.

Íbúaráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Breiðholts telur mikilvægt að tryggja betur öryggi gangandi og hjólandi með því að koma fyrir safnstæðum fyrir rafskútur innan hverfisins á heitum stöðum en heitir staðir eru staðir þar sem mikil notkun er á leigurafskútum eins og við skiptistöðina í Mjódd, verslunar- og þjónustukjarna, íþróttamannvirki og fjölmenna vinnustaði. Skúturnar yrðu skildar eftir á merktu stæði en ekki á víðavangi eða á stígum. Mikil hætta getur skapast ef skútur eru skildar eftir á stígum fyrir hópa sem eru með skerta hreyfifærni, þurfa notast við stoðtæki eins hjólastóla, göngugrindur eða eru með skerta sjón, sérstaklega þegar skyggja fer.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að umhverfis- og skipulagsráð taki samþykkt íbúaráðs Breiðholts til meðferðar.

Virðingarfyllt,  
Heimir Snær Guðmundsson  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Breiðholts um safnstæði fyrir rafskútur í hverfinu



Reykjavík, 21. ágúst 2024

MSS24080077

## TILLAGA

### Fundur íbúaráðs Breiðholts 21. ágúst 2024: Tillaga íbúaráðs Breiðholts um safnstæði fyrir rafskútur í hverfinu

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að koma fyrir safnstæðum fyrir rafskútur innan hverfisins á heitum stöðum þar sem mikil notkun er eins og við skiptistöðina í Mjódd, Sundlaugina í Breiðholti, Fjölbraut í Breiðholti, íþróttamannvirki ÍR og Leiknis og verslunarkjarna eins og við Lóuhóla, Mjódd, Völvufell og Seljabraut.

#### Greinargerð

Ávinningurinn er margþættur en sá fyrsti er að tryggja betur öryggi hjólandi og gangandi á stígum hverfisins en mikil hætta getur skapast ef skútur eru skildar eftir á stígum fyrir hópa sem eru með skerta hreyfifærni og þurfa notast við stoðtæki eins hjólastóla, göngugrindur eða með skerta sjón. Þetta veitir líka meira öryggi fyrir þau sem ferðast um á vistvænum ferðamátum um stígakerfi sérstaklega þegar skyggja fer. Myndi íbúaráðið vilja láta kanna í samstarfi við rekstraraðila, hvort hægt væri að koma til móts við skilvísa viðskiptavini eða finna hvata til ýta undir þá hegðun að skútunum sé skilað á safnstæðin og þá gengið að þeim vísnum aftur, í stað þess að skilja þær eftir víðsvegar um stíga hverfisins með tilheyrandi slyshættu.



Reykjavík